

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

585. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 9. febrúar 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Bréf undirbúningshóps að stofnun Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra.
2. Aðalfundarboð Forsvars ehf.
3. Bréf Menningarráðs Norðurlands vestra.
4. Aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda á Íslandi.
5. XXIII. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Afgreiðslur:

1. Henrike Wappler mætti á fundinn og skýrði frá vinnu undirbúningshóps og kynnti skipulagsskrá að stofnun Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri og Henrike Wappler mæti á stofnfund sem haldinn verður 18.febrúar n.k.
2. Lagt fram aðalfundarboð Forsvars ehf. sem haldinn verður þann 9. febrúar 2009 Byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og oddviti til vara.
3. Lagt fram bréf Menningarráðs Norðurlands vestra frá 3. febrúar s.l. um lækkun framlags ársins 2009. Vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
4. Lagt fram aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda á Íslandi sem haldinn verður 20. febrúar n.k. Byggðarráð samþykkir að nefndarmenn í eignarréttarnefnd Húnaþings vestra sæki fundinn.
5. Lagt fram bréf Sambands ísl. sveitarfélaga dags 3. febrúar 2009 þar sem kynnt er landsþing sambandsins sem haldið verður 13. mars n.k.
Samþykkt að taka á dagskrá.
6. Lagðar fram athugasemdir við drög að starfsmannastefnu Húnaþings vestra frá leikskólastjóra, forstöðumanni tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.

Fundargerð uppliesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:10

Elin R. Kníttal

Hljómi Þóris Ágústsson
Keldur af hefð Berusdóttir

Candidus Reynorð

Áheyrnarfulltrúi:

Óður Sigurðsson